


Verið að koma Kjarvalsmyndunum fyrir.

færeysku lagi. Á sýningunni eru 100 málverk, auk Kjarvalssafnsins, eftir fjölda manna og hafa þær flestar sögulegt gildi. Það elzta er gert árið 1791 af enskum málara, og var það keypt fyrir nokkrum árum í London.


Árið 1627 komu sjóræningjar frá Alsír til Vestmannaeyja og fóru um með ránum og morðum. Hefur þetta síðan verið nefnt Tyrkjaránið, en í því voru drepnir 34 eyjaskeggjar og 242 var rænt. Einn merkasti gripurinn á safninu er byssuhólkur, sem talið er fullvíst að hafi verið notaður við þetta tækifæri. Þorsteinn sendi myndir ásamt lýsingu á byssunni til erlendra sérfræðinga og fékk staðfest að slíkar byssur hafi verið notaðar eingöngu af sjóræningjum frá Norður-Afríku.

Eins og fyrr sagði var það Þorsteinn, sem sá um að flytja safnið til meginlandsins, strax og gosið hófst, með hjálp fárra góðra manna. Einnig flutti hann gögn sparisjóðsins til lands á sögulegan hátt, en um það hefur verið getið áður í blaðinu. Þorsteinn Víglundsson hefur við margt starfað um dagana, en hann er nú 74 ára og fullur starfsorku. Hann var skólastóri Gagnfræðaskólans í Vestmannaeyjum í 36 ár en hætti 1963 og sneri sér óskiptur að stjórnun Sparisjóðsins, því að „mitt líf er fjármál", eins og hann sagði á blaðamannafundinum. Við sparisjóðinn hefur hann starfað í 30 ár og nýlega kom út 30. árgangur tímaritsins BLIK, er hann stofnaði og hefur annazt síðan. Það var í upphafi skólatímarit, en flytur nú almennan fróðleik, þar sem byggðasöguleg málefni skipa háan sess, enda ein hans mestu áhugamál.


Þorsteinn varð stúdent frá menntaskóla á Suður-Mæri í Noregi árið 1924 og hefur hann samið einu norsk-íslenzku orðabókina, sem hér hefur verið gefin út. Sagðist hann aðallega hafa gert það fyrir Norðmenn, sem vildu geta lesið íslenzku, og þessi bók selst enn þann dag í dag í bókaverzlunum hérlendis a.m.k. Einnig hefur hann komið nálægt pólitíkinni. Hann stofnaði Kaupfélag Alþýðu í Vestmannaeyjum, en þótti heldur ráðríkur í fjármálunum og var rekinn frá því, að eigin sögn, — enda fór það á hausinn skömmu síðar. Hann var einnig fenginn til að stofna Kaupfélag Vestmannaeyja og var stjórnarformaður, þangað til hann var settur af vegna ráðríkis í fjármálum, eins og hann orðar það.

Vonir Þorsteins standa til þess, að geta flutt safnið til Eyja sem fyrst, en búið er að reisa veggi safnahússins nýja, og segir hann nóga peninga til áframhaldandi framkvæmda, það vanti bara iðnaðarmenn. Við skulum vona, að Þorsteini verði að ósk sinni og honum takizt að fá viðeigandi húsnæði undir þetta elzta byggðasafn landsins og honum megi auðnast að vinna að því í mörg ár enn.


—hs—



Réttirnar, en áður fyrr voru bændur þó nokkrir í Eyjum.



Fiskireiturinn.



Eftir að hagræða seglum, en frá vinstri er bátur með Landeyjalagi, Vestmannaeyjalagi og færeysku lagi.

Hjúkrun í brennidepli

„HJÚKRUN í brennidepli" voru einkunnarorð samnorræna hjúkrunarkvennamótsins, sem haldið var í Reykjavík sumarið 1970. — Það má með sanni segja, að enn sé hjúkrun í brennidepli hér á landi, þegar haft er í huga, að síðan 1970 hefur verið settur á stofn nýr hjúkrunarskóli, ný hjúkrunarnámsbraut við Háskóla Íslands og lagt fram á Alþingi frumvarp til nýrra hjúkrunarlaga.

Við hjúkrunarkonur fögnum því að geta fylgzt með gangi hjúkrunarmála, og gleðjumst innilega, þegar merkum áföngum er náð. Sérstaklega er ánægjulegt að fylgjast með, þegar eitthvað nýtt hefur gerzt í menntunarmálum hjúkrunarkvenna, því áhugi okkar beinist fyrst og fremst að því, að opnaðar verði leiðir til meiri menntunar hér á landi.

En ánægja okkar breyttist í undrun, og síðan í vonbrigði, þegar við komumst að raun um, að þrátt fyrir allt, sem gerzt hefur í menntunarmálum hjúkrunarkvenna, er enn ógert það, sem að okkar áliti er mest aðkallandi, en það er að koma á fót framhaldsmenntun (s.s. heilsuvernd, geðhjúkrun, barnahjúkrun og aðrar sérgreinar hjúkrunar).

Menntamálaráðherra lýsti yfir því, í fyrirspurnartíma á Alþingi fyrir skömmu, að þegar ákveðið hefði verið að hefja framhaldsnám í hjúkrun við háskólann, hefði það strandað á því, að háskólinn veitti ekki öðrum viðtöku en stúdentum. Ennfremur sagði hann, að ekki mætti dragast að breyta lögum háskólans, til þess að hjúkrunarfólk geti fengið aðgang að honum. Einnig var upplýst, að menntamálaráðuneytið hefur farið þess á leit við háskólann, að hann athugi, hvernig þessum breytingum verði bezt við komið.

En hvernig ber að skilja þessar jákvæðu yfirlýsingar, þegar einmitt á sama tíma og þær eru gefnar, er verið að afgreiða ný lög á Alþingi um háskólann, án þess að nokkuð sé minnzt á ákvæði er varðar hjúkrunarfók?

Að vísu var sett á stofn við háskólann ný námsbraut í hjúkrun, en það er hjúkrunargrunnnám, og eingöngu ætlað stúdentum. Þrátt fyrir þessa nýju námsbraut stöndum við í sömu sporum hvað snertir framhaldsmenntunina, því í reynd hefur einungis þriðji hjúkrunarskólinn verið stofnaður.

Vonandi dettur engum í hug, að hjúkrunargrunnnám við háskóla jafngildi framhaldsmenntun í hjúkrun eða veiti réttindi sem slík.

Hve lengi á að draga okkur á aðgerðum í framhaldsmenntunarmálum, eftir svona jákvæðar undirtektir ráðamanna? — Það hefur sýnt sig, að þegar aðgerða er þörf, þá er hægt að hraða framkvæmdum. Það kom í ljós, þegar nýi hjúkrunarskólinn var stofnaður. Væri ekki einnig nægt að láta til skarar skríða með framhaldsmenntunina?

Nýtt frumvarp til hjúkrunarlaga liggur nú fyrir Alþingi, og verður væntanlega afgreitt á næstunni. Í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins, sem fjallar um það, hverjir hafa rétt til að kalla sig hjúkrunarkonu eða -mann, er sagt frá því, að tillögur hafi komið fram um nýtt samheiti fyrir þá, sem lokið hafa hjúkrunarnámi. Rætt hafi verið um orðin hjúkrir, hjúkri, og hjúkrari og hjúkrunarfræðingur. Einnig segir í athugasemdinni, að vonazt sé til að Hjúkrunarfélag Íslands hafi komið fram með ákveðna tillögu um slíkt heiti, áður en meðferð frumvarpsins á Alþingi sé lokið. Mikill hluti hjúkrunarkvenna er mótfallinn slíku samheiti, og myndi aldrei taka það upp. Í reynd yrði því ekki um samheiti að ræða, heldur sérheiti einhvers hóps hjúkrunarfólks.

Íslenzka hjúkrunarstéttin er fámenn, og verður því að vera á verði gagnvart öllum breytingum, er leitt geta til sundrungar. Okkur er nú þegar ærinn vandi á höndum, að eiga að standa saman sem ein stétt, þegar við höfum fengið þrenns konar grunnnám. Slíkt gæti blessazt meðal stórþjóða, en er varhugavert hjá okkur vegna smæðar okkar. Við viljum því lýsa andúð okkar á nafnbreytingunni og vonumst til að henni verði ekki komið á gegn vilja mikils hluta hjúkrunarstéttarinnar.

Ennfremur viljum við ítreka beiðni okkar um framhaldsmenntun og skorum á ráðamenn að hefjast nú þegar handa um það brýna verkefni, því við álítum, að allir, sem lokið hafa viðurkenndu grunnnámi í hjúkrun, eigi að hafa jafnan rétt og möguleika til framhaldsmenntunar.

Hjúkrunarkonur
Akureyrardeildar H.F.Í.